

Nd.

45. Frumvarp til laga

[42. mál]

um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana.

Flm.: Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að almenningur eigi þess kost að kynna sér og hafa eftirlit með útlánnum lánastofnana.

2. gr.

Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en fjórum milljónum króna og veitt eru til lengri

tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir, sem skulda við áramót meira en sex milljónir króna í viðkomandi stofnun.

Upphæðir þær, sem nefndar eru hér í greininni, skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1979.

3. gr.

Útlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun, sem svarar til kostnaðar við prentun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta var flutt af Ragnari Arnalds núverandi menntamálaráðherra á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um áratugaskeið hefur helsta fjáröflunarleiðin í íslensku þjóðfélagi verið sú að komast yfir sem allra mest lánsfé og festa það í eignum sem verðbólgan hækkar stöðugt í verði.

En þótt eignirnar, sem lánsféð var notað til að mynda, stórhækki í verði fyrir tilverknað verðbólgunnar, þá hafa menn átt þess kost að greiða lánin til baka svo og svo löngu síðar með langtum verðminni krónum en upphaflega voru fengnar að láni.

Með þessum hætti hafa fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar náð að mynda stóreignir án þess að nokkru sinni kæmu fram tekjur hjá viðkomandi aðilum til að standa undir þessari eignamyndun.

Verðbólgugróðinn hefur þannig verið skattfrjáls, enda þótt hann hafi um langt skeið verið helsta auðsuppspretta íslenskra fjáraflamanna.

Við þessar aðstæður virðist fráleitt að viðhalda þeirri bankaleynd hvað meiri háttar útlán varðar, sem hér hefur ríkt allt til þessa, og ríkir enn hjá flestum lána- stofnunum.

Veiting lána er af eðlilegum ástæðum bæði mikilsverð og mjög eftirsótt fyrirgreiðsla í verðbólguþjóðfélagi og öll hula yfir meiri háttar lánastarfsemi hlýtur að valda meiri eða minni tortryggni, hvort sem sú tortryggni er ástæðulaus eða ekki í hverju tilviki fyrir sig.

Þeir fjármunir, sem hlaðast upp sem eignamyndun út á skuldasöfnun í höndum margvíslegra verðbólguþraskara eða annarra, falla ekki af himnum ofan.

Þessir fjármunir eru teknir frá þeim þegnum þjóðfélagsins, sem skortir aðstöðu eða ófyrirleitni til að ná sínum hlut í verðbólguþraskapum um lánsféð.

Það er réttur þessa fólks, alls almennings í landinu, að eiga þess kost að fá á hverjum tíma fulla vitneskju um hvernig öllum meiri háttar lánveitingum er háttað. Slíkt á ekki að vera neitt leyndarmál.

Opinber birting upplýsinga um allar meiri háttar lánveitingar, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, veitir traust aðhald í störfum öllum þeim, sem tekist hafa á hendur það vandasama verkefni að ráðstafa lánsfé úr opinberum lánastofnunum.

Slíkt aðhald er nauðsynlegt, enda þótt fullt traust sé borið til þeirra einstaklinga, sem lánveitingum stýra á hverjum tíma.

Afnám bankaleyndar í þessum efnum hlýtur augljóslega að draga úr þeirri hættu, sem annars er fyrir hendi á mismunun og geðþóttaákvörðunum. Ekki verður séð að nokkur lánveiting eigi rétt á sér, sem ekki þolir dagsins ljós.

Frumvarpið gerir þó ekki ráð fyrir því, að lánastofnunum verði gert skylt að skýra frá sérhverri smáupphæð sem lánað er, því að slíku hlyti óhjákvæmilega að fylgja óþarfa skrifinniska. Er því miðað við ákveðnar lágmarksupphæðir, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Að lokum er rétt að minna á, að þegar lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins voru samþykkt á Alþingi í árslok 1971, var ákveðið að árlega skyldi birt skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar, sbr. 16. gr. laganna, sem nú er 15. gr. Þetta var þá nýmæli í íslenskum lögum og að sjálfsögðu hefur því verið fylgt hvað varðar allar lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs.

Ekki er vitað, að þessi háttur hvað varðar lánveitingar frá Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði hafi sætt nokkurri marktækri gagnrýni, en þvert á móti þótt ánægjuleg nýbreytni.

Ekki verður heldur séð, hvaða rök eru fyrir því, að sömu reglur skuli enn ekki hafa verið teknar upp hvað varðar aðrar lánastofnanir.

Flutningsmanni þessa frumvarps er kunnugt um að þessi mál eru nú í athugun á vegum viðskiptaráðuneytisins, en með flutningi frumvarpsins er áhersla á það lögð, að hér þarf að taka upp breytta hætti í samræmi við meginákvæði frumvarpsins hið allra fyrsta.

Flutning frumvarpsins má skoða sem þátt í baráttu Alþýðubandalagsins fyrir opnara og réttlátara stjórnkerfi.